

26. fundur hreppsnefndar Ásahrepps, haldinn með fjarfundarbúnaði ZOOM miðvikudaginn 15. apríl 2020 klukkan 8:30, skv. samþykkt hreppsnefndar á 25. fundi sínum.

Mættir voru: Ásta B. Ólafsdóttir, oddviti hreppsnefndar, Brynja J. Jónasdóttir, Egill Sigurðsson, Elín Grétarsdóttir, Guðmundur Gíslason og Valtýr Valtýsson sveitarstjóri.

Fundargerð var færð í tölvu og hana ritaði Valtýr Valtýsson.

Ásta B. Ólafsdóttir, oddviti, gerði tillögu að dagskrárbreytingu að inn koma tveir nýir dagskrárliður 1.2 og 1.3. Tillagan samþykkt samhljóða.

1. Fundargerðir til samþykktar:

1.1. Fundargerð 6. fundar vinnuhóps um endurskoðun Aðalskipulags Ásahrepps 2020-2032.

Fundargerðin lögð fram og samþykkt samhljóða.

1.2. 193. fundur skipulagsnefndar UTU.

Mál nr. 1; Nýidalur L165352; Skálasvæði, salernishús, tjaldsvæði og hestagerði; Deiliskipulag – 1905071.

Lögð fram að lokinni auglýsingu tillaga að deiliskipulagi fyrir skálasvæðið í Nýjadal á Sprengisandsleið, á Holtamannafrétti, Ásahreppi.

Deiliskipulagstillagan nær til um 6 ha svæðis er liggur við Sprengisandsleið, F26. Skálasvæðið tilheyrir í dag Vatnajökulspjóðgarði og er við mynni Nýjadals á melbarði sunnan Nýjadalsár (Fjórðungakvíslar). Sprengisandsleið, F26, liggur um skálasvæðið, suðvestan við Tungnafellsjökul. Skálasvæðið er innan þjóðlendu. Ferðafélag Íslands hefur um árabíl rekið gistiskála og tjaldsvæði á staðnum. Afmörkun deiliskipulags mun ná utan um skála svæðisins, auk salernishúss, tjaldstæðis, hestagerðis og vatnsverndarsvæðis.

Tillagan var auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, frá 18. desember 2019 með athugasemdafresti til 31. janúar 2020.

Leitað var eftir umsögnum frá Forsætisráðuneyti, Vatnajökulspjóðgarði, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands. Minjastofnun, Umhverfisstofnun, Vegagerðinni og Landgræðslunni. Nokkrar ábendingar bárust frá umsagnaraðilum og hefur verið brugðist við þeim.

Þá bárust athugasemdir frá Gunnari Njálssyni, Ingibjörgu Eiríksdóttur og Soffiu Sigurðardóttur og Sigurði Inga Andréssyni sem í svörum við þeim hafa verið greind í alls 40 liði.

Lagt fram minnisblað með svörum skipulagsnefndar UTU við athugasemdum sem bárust vegna skipulagsins. Gerðar verða breytingar og lagfæringar til að koma til móts við athugasemdir eins og unnt verður.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir tillöguna og að hún verði send til yfirferðar Skipulagsstofnunar fyrir gildistöku í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 2; Sporðöldulón á Holtamannafrétti; Náma; Aðalskipulagsbreyting – 2003038.

Lögð er fram beiðni frá Landsvirkjun þess efnis að skilgreind verði ný náma á aðalskipulagi Ásahrepps vestan Tungnaár um 300 m sunnan við stíflu Sporðöldulóns. Náman er á röskuðu svæði innan skilgreinds iðnaðarsvæðis í

gildandi aðalskipulagi Ásahrepps og innan deiliskipulagssvæðis fyrir Búðarhálsvirkjun. Náman verður um 2,0 ha og er ætlað að taka um 40 þús. m³ til viðhalds og viðgerða á stíflum á Þjórsár- og Tungnaárvæði. Óskað er efir því að farið verði með beiðnina sem óverulega breytingu á aðalskipulagi í samræmi við 2 mgr. 36. gr. skipulagslaga.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir framlagða umsókn Landsvirkjunar dags. 23.3.2020, og tillögu dags. 25.2.2020 að breytingu á gildandi aðalskipulagi Ásahrepps 2010-2022, sem óverulega breytingu skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillagan er talin hafa lítil sem engin áhrif vegna landnotkunar og hefur ekki áhrif á einstaka aðila eða aðra hagsmunaaðila á svæðinu. Skipulagsfulltrúa er falið að senda tillöguna til Skipulagsstofnunar og auglýsa niðurstöðu hreppsnefndar skv. 2. mgr. 36. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 3; Lindarbær 1C L176845; Austurtún; Íbúðar- og útihúsalóð; Deiliskipulag – 1505014.

Lögð fram umsókn Finnboga Aðalsteinssonar dags. 12.1.2020 og uppdráttur ásamt greinargerð af deilisskipulagi fyrir 6 ha svæði í landi Lindarbæjar 1C, L176845, í Ásahreppi. Deiliskipulagið tekur til tveggja reita Í1 og Ú1. Á reit Í1 verður heimilt að byggja íbúðarhús og bílageymslu allt að 250 m², gestahús allt að 60m² og vinnustofa allt að 60 m². Á reit Ú1 verður heimilt að byggja hesthús, vélageymslu og reiðskemmu samtals allt að 1200 m². Aðkoma er af Bugavegi (nr.273) og um land Lindarbæjar.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir tillöguna og að hún verði auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010. Hreppsnefnd mælist jafnframt til þess að málið verði sérstaklega kynnt eigendum aðliggjandi jarða við deiliskipulagið. Óska skal efir umsögnum frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Vegagerðinni og Minjastofnun Íslands.

Mál nr. 4; Lækjartún II L215415; Tengivirki, Færsla lóðar; Deiliskipulagsbreyting – 2004010.

Lögð er fram umsókn um óverulega breytingu á deiliskipulagi Lækjartúni II - Tengivirki sem samþykkt var í hreppsnefnd Ásahrepps 19.2.2020. Umsækjandi breytingar er Landsnet. Skipulagið sem breytingin tekur til hefur ekki tekið gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda þar sem tillagan er enn í yfirferð hjá Skipulagsstofnun. Breyting lögð fram með fyrirvara um samþykki Skipulagsstofnunar og gildistöku deiliskipulags með birtingu í B-deild Stjórnartíðinda.

Hreppsnefnd gerir ekki athugasemd við framlagða óverulega breytingu á deiliskipulagi og samþykkir tillöguna á grundvelli 43. gr. Skipulagslaga 123/2010. Mælt er til þess að hún verði send Skipulagsstofnun til yfirferðar að undangenginni grenndarkynningu. Samþykkt breytingartillögu er með fyrirvara um að upprunatillagan sem er til afgreiðslu hjá Skipulagsstofnun, hafi öðlast gildi í B-deild Stjórnartíðinda.

- 1.3. Fundargerð 65. fundar stórnar Brunavarna Rangárvallasýslu bs. 3. dagskrárliður fundargerðar þarfnast samþykki sveitarstjórna aðildarsveitarfélaganna um að veita einfalda ábyrgð vegna lántöku Brunavarna Rangárvallasýslu bs hjá Lánasjóði sveitarfélaga.

Tillaga liggur fyrir um að hreppsnefnd Ásahrepps samþykki hér með á hreppsnefndararfundi að veita einfalda ábyrgð og veðsetja til tryggingar ábyrgðinni tekjur sínar í samræmi við hlutfall eignarhalds, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. og 2. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, til tryggingar láns Brunavarna Rangárvallasýslu bs. hjá Lánasjóði sveitarfélaga að höfuðstól allt að kr. 25.000.000. Nær samþykki hreppsnefndar Ásahrepps jafnframt til undirritunar lánasamnings og að sveitarfélagið beri þær skyldur sem þar greinir.

Er lánið tekið til að fjármagna 2. áfanga byggingar á slökkvistöð sem felur í sér að vera verkefni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er Valtý Valtýssyni, kt. 221060-2379, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Ásahrepps að undirrita lánsamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrimæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari, þ.m.t. beiðni um útborgun láns.

Fyrirliggjandi tillaga er samþykkt samhljóða.

Að öðru leyti er fundargerðin lögð fram til kynningar.

2. Fundargerðir til kynningar:

- 2.1. 25. fundur stjórnar Odda bs.
- 2.2. 9. fundur stjórnar Húsakynna bs.
- 2.3. Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa 20 – 116. fundur.
- 2.4. Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa 20 – 117. fundur.
- 2.5. Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa 20 – 118. fundur.
- 2.6. 82. fundur svæðisráðs vestursvæðis VJÞ.
- 2.7. 291. fundur stjórnar SOS.
- 2.8. 203. fundur Heilbrigðisnefndar Suðurlands.
- 2.9. 556. fundur stjórnar SASS.
- 2.10. 880. fundur stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

3. Drög að ársreikningi sveitarsjóðs Ásahrepps 2019.

Þessum dagskrárlið er frestað þar sem ekki náðist að ljúka drögum að ársreikningi fyrir fund. Vinnu við ársreikning 2019 er alveg að ljúka og verða drög tilbúin síðar í vikunni.

Hreppsnefnd samþykkir samhljóða að halda aukafund þar sem ársreikningur 2019 verður lagður fram til fyrri umræðu, miðvikudaginn 22. apríl 2020, klukkan 9:00. Fundurinn verður fjarfundur í Zoom.

4. Áætlun um refaveiði 2020 – 2022.

Lögð fram skýrsla um uppgjör áætlunar um refaveiðar 2017-2019 frá Umhverfisstofnun. Þar kemur fram hvernig til hefur tekist með refavinnslu þessara ára í sambanburði við áætlun þessara ára.

Einnig lögð fram áætlun um refaveiðar 2020 – 2022 frá Umhverfisstofnun.

Hreppsnefnd Ásahrepps felur sveitarstjóra að skila inn áætlun um veiðar á þessu árabili í samræmi við áætlun síðustu þriggja ára.

5. Endurskoðuð ákvörðun um flutning efnis til reiðvegagerðar milli Kálfhólts og Hamrahóls.

Elín Grétarsdóttir tekur ekki þátt í fundinum undir þessum dagskrárlið.

Lagt fram tölvuskeyti frá Steypustöðinni þar sem fram kemur að þeir segja sig frá tilboði sínu um flutning efnis til reiðvegagerðar, sbr. dagskrárlið 7 á 25. fundi hreppsnefndar.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að taka næst lægsta tilboði í flutning efnisins, en það var frá Snilldarverki ehf. kr. 1.000.000 með VSK. Ljóst er að heildarkostnaður verkefnisins verður því kr. 2.140.000 sem er kr. 140.000 hærra en gert er ráð fyrir í fjárhagsáætlun 2020. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða viðauka við fjárhagsáætlun, fjárfestingu í reiðvegagerð, sem nemur kr. 140.000. Gengið verði á handbært fé við þessa fjárveitingu. Sveitarstjóra falið að ganga frá þessum viðauka við fjárhagsáætlun ársins, í samstarfi við KPMG, og senda inn til lögbundinna aðila.

6. Fegrunaráttak í Ásahreppi.

Ásta B. Ólafsdóttir gerði grein fyrir stöðu verkefnisins. Ellisif Bjarnadóttir hefur áhuga á að vera ráðgjafi og stýra verkefninu. Hún er að stunda nám í landslagsarkitektúr hjá Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að fela oddvita og sveitarstjóra að semja við Ellisif um verkefnisstjórn. Samningur við verkefnisstjóra, tíma- og kostnaðaryfirlit fyrir verkefnið verður lagt fyrir hreppsnefnd á næsta reglubundna fundi hennar þann 20 maí n.k.

7. LED-væðing ljósastaura í Ásahreppi.

Lagt fram minnisblað og kostnaðaráætlun varðandi LED-væðingu allra ljósastaura í reskstri Ásahrepps. Um er að ræða u.þ.b. 160 staura.

Gert er ráð fyrir að verkið verði unnið á tveimur árum, þ.e. að öll ljós verði keypt á árinu 2020 og uppsetningu lokið á 50% staura á þessu ári. Uppsetning á seinni hluta staura verði lokið á næsta ári 2021.

Heildarkostnaður við verkefnið er áætlaður kr. 5.500.000 og yrði fjárfesting. Kr. 4.500.000 kæmi inn á framkvæmdaáætlun þessa árs og kr. 1.000.000 á framkvæmdaáætlun ársins 2021.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að ráðast í þetta verkefni skv. fyrirliggjandi áætlun. Farið verði í verðkönnun meðal rafvirkja á svæðinu er viðkemur vinnuþætti verkefnisins. Sveitarstjóra er falið að hafa samband við rafvirkja og kanna áhuga þeirra með þátttöku í verðkönnun í verkið. Jafnframt er sveitarstjóra falið að semja við Rafvidd um kaup á 160 LED ljósum, í samræmi við verðtilboð sem liggur fyrir.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að gerður verði viðauki við fjárhagsáætlun 2020 sem nemur fjárfestingu í ljósastaurum að upphæð kr. 4,5 milljónum. Gengið verði á handbært fé vegna þessarar fjárfestingar. Sveitarstjóra falið að ganga frá þessum viðauka við fjárhagsáætlun ársins, í samstarfi við KPMG, og senda inn til lögbundinna aðila. Jafnframt verði gert ráð fyrir fjárfestingu að upphæð kr. 1 milljón á árinu 2021.

8. Bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 30. mars 2020; Uppfærðar hugmyndir og ábendingar að aðgerðum til viðspyrnu fyrir íslenskt atvinnulíf í ljósi samdráttar í þjóðarbúskapnum.

Lagt fram bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga og uppfærðar hugmyndir og ábendingar að aðgerðum til viðspyrnu fyrir íslenskt atvinnulíf í ljósi samdráttar í þjóðarbúskapnum.

Hreppsnefnd Ásahrepps hefur þegar brugðist við þeim ábendingum sem fram koma í hugmyndum sambandsins, s.s. frestun eindaga fasteignagjalda. Jafnframt var tekið mið af verðbreytingu við ákvörðun á álagningarhlutfalli fasteignaskatts.

9. Innsend bréf og erindi:

9.1. Tölvuskeyti Eignarhaldsfélagsins Einhamars ehf, dags. 6. apríl 2020; fasteignagjöld og önnur gjöld.

Lagt fram tölvuskeyti Eignarhaldsfélagsins Einhamars ehf. þar sem óskað er eftir að fasteignagjöldum og öðrum gjöldum verði frestað eða þau felld niður vegna Covid-19. Vísað er til bókungar á 25. fundi hreppsnefndar.

Varðandi ósk um niðurfellingu fasteignagjalda og annarra gjalda þá sér hreppsnefnd það ekki sem færa leið.

9.2. Bréf SASS, dags. 27. mars 2020; hjólaleiðir á Suðurlandi.

Lagt fram bréf SASS þar sem óskað er eftir því við sveitarfélög á Suðurlandi að skoða þær hjólaleiðir sem sýndar eru á kortavef SASS og kanna hvort hægt er að koma þeim inn í skipulög sveitarfélaganna.

Hreppsnefnd Ásahrepps vísar þessu erindi til vinnuhóps um endurskoðun Aðalskipulags Ásahrepps.

9.3. Tölvuskeyti Guðrúnar Aradóttur, form. FEB Rang. dags. 30. mars 2020; ályktun og áskorun LEB.

Lagt fram tölvuskeyti Guðrúnar Aradóttur þar sem komið er á framfæri ályktun og áskorun Landsambands eldri borgara, annars vegar um bættu þjónustu við aldraða og öryrkja og bætt kjör.

Hreppsnefnd Ásahrepps tekur undir þær áhyggjur sem fram koma í ályktun Landsambands eldri borgara. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að áframsenda þessa ályktun til félagsþjónustu Rang. og V-Skaft.

9.4. Tölvuskeyti Fish Partners, dags. 30. mars 2020; frárennismál gistiskála í Þóristungum.

Lagt fram tölvuskeyti Fish Partners þar sem óskað er eftir úrbótum á fráveitu frá fjallaskálanum í Þóristungum.

Sveitarstjóra falið að kanna málið frekar.

9.5. Bréf Skólaþjónustu Rang. og V-Skaft. dags. 24. mars 2020; Menntadagur.

Lagt fram bréf Skólaþjónustu Rang. og V-Skaft. þar sem gert er grein fyrir skipulagðri fræðsludagskrá Skólaþjónustunnar. Þar er komið á framfæri hugmynd að sameiginlegum fræðsludegi í upphafi næsta skólaárs, sem hefur fengið vinnuheitið menntadagur. Óskað er eftir því að kennarar og starfsfólk leikskóla geti sótt þennan menntadag án þess að það raski lögbundnum og kjarasamningbundnum ákvæðum um símenntun þeirra.

Hreppsnefnd Ásahrepps líst vel á þessa hugmynd og vísar ákvörðun til stjórnar Odda bs.

- 9.6. Bréf ÍSÍ, dags. 1 apríl 2020; frístundastyrkir.
Lagt fram bréf ÍSÍ þar sem sveitarfélög, sem hafa frístundastyrki, eru hvött til að hækka upphæð frístundastyrkja.

Hreppsnefnd Ásahrepps bendir á að á 20. fundi sínum þann 20. nóvember 2019 hækkaði hún frístundastyrki úr kr. 50.000 í kr. 75.000 eða um 50%.

- 9.7. Tölvuskeyti Vatnajökulsþjóðgarðs, dags. 6. apríl 2020; Vonarskarð.
Lagt fram tölvuskeyti Vatnajökulsþjóðgarðs ásamt umsögnum er varðar framtíðarskipulag náttúruverndar og innviða innan landslagsheildarinnar í Vonarskarði.

Hreppsnefnd Ásahrepps ítrekar fyrri bókun sína á 24. fundir hreppsnefndar:
Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að umferð ökutækja um Vonarskarð verði bönnuð yfir sumartímann eins og gildandi Aðalskipulag Ásahrepps tilgreinir, en slík umferð verði leyfileg þegar jörð er frosin og snjór liggur yfir landi að vetrarlagi. Göngu-, reið- og reiðhjólaleiðir verði ávallt opnar um svæðið. Einnig er samþykkt að skipulag gönguskála verði haldið inni skv. gildandi Aðalskipulagi Ásahrepps.

10. Bréf og erindi til kynningar:

- 10.1. Tölvuskeyti SASS, dags 21. mars 2020; atvinnutekjur í ferðaþjónustu.
10.2. Tölvuskeyti samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis, dags 27. mars 2020; aukinn tímafrestur til afgreiðslu ársreiknings árið 2020.
10.3. Minnisblað Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis til ráðgjafanefndar Jöfnunarsjóðs, dags. 24. mars 2020; Covid-19 – viðbragðsteymi um þjónustu við viðkvæma hópa.
10.4. Bréf Lánasjóðs sveitarfélaga, dags 7. apríl 2020; frestun aðalfundar 2020.
10.5. Tölvuskeyti og bréf Umhverfisstofnunar, dags. 8. apríl 2020; kynning á drögum að stjórnar- og verndaráætlun Friðlands að Fjallabaki.

11. Næsti reglubundni fundur hreppsnefndar.

Næsti reglubundni fundur hreppsnefndar Ásahrepps verður haldinn miðvikudaginn 20. maí 2020.

Fundargerð samþykkt. Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:00.

Undirritunarsíða

sveitarstjóri
Valtýr Valtýsson

oddviti hreppsnefndar
Ásta Berghildur Ólafsdóttir

hreppsnefndarfulltrúi
Brynja Jóna Jónasdóttir

hreppsnefndarfulltrúi
Egill Sigurðsson

hreppsnefndarfulltrúi
Elín Grétarsdóttir

hreppsnefndarfulltrúi
Guðmundur Jóhann Gíslason